

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2015****2016/EES/42/52****frá 30. apríl 2015****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 frá 22. október 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 318/2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 18a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32014 R 1397**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1397/2014 frá 22. október 2014 (Stjtið. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1397/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 42.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.